



# UMHVERFISVITUND STARFSMANNA STOFNANA OG FYRIRTÆKJA, MÆLING OG ÞRÓUN

Sandra Rán Ásgrímsdóttir,  
Sjálfbærniverkfræðingur M.Phil.

Ólöf Kristjánsdóttir,  
Samgönguverkfræðingur M.Sc.  
Fagstjóri samgangna

# Umhverfisvitund

- Samheiti yfir þekkingu, viðhorf, gildi og atferli manna gagnvart umhverfismálum.
- Með aukinni umhverfisvitund almennings aukast kröfur á ábyrga umhverfisstjórnun fyrirtækja.

# Aðferðir til að mæla umhverfisvitund

- Getur reynst erfitt að meta og mæla umhverfisvitund.
- Misræmi milli niðurstaðna rannsókna og raunverulegrar hegðunar.
- Fjölmargar rannsóknir til og margar aðferðir þekktar.



# Aðferðir til að mæla umhverfisvitund

- Tvær stærstu rannsóknir sem lagðar hafa verið héraendis rýndar:
  - Könnun Þorvarðs Árnasonar, 2004
  - Rannsóknarmiðstöð ferðamála, 2009
- Auk þess margar erlendar rannsóknir skoðaðar.
- Algengast að lagður sé fyrir spurningalisti en í nokkrum tilfellum eru tekin viðtöl.

# Vegagerðin

- Rafræn spurningakönnun lögð fyrir starfsfólk Vegagerðarinnar í lok árs 2016.
- Könnun Þorvarðar Árnasonar og NEP mælikvarðinn höfð til fyrirmyndar.
- 11 almennar spurningar og 2 bakgrunnsspurningar.



# Könnun

3. Hafa áhyggjur þínar af umhverfisþáttum í spurningu 1 haft áhrif á hegðun þína varðandi: \*

	Já	Nei	Veit ekki / Vil ekki svara
Að kaupa og borða lífrænt ræktað grænmeti og ávexti?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Val á samgöngumáta?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Kaup á bifreið?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Notkun á heimilisbílnum?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjöldi bíla á heimilinu?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Staðsetningu heimilis þíns?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Notkun skordýraeiturs við heimili þitt?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Endurvinnsla á pappír, rusli og garðúrgangi?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Viðskipti við umhverfisvæna þjónustuaðila?	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

# Niðurstöður könnunar

- 30% svarhlutfall, 97 einstaklingar svöruðu könnuninni.
- Mestar áhyggjur af mengun umhverfis vegna hættulegra efna eða iðnaðar og hnattrænni hlýnun.
- Minnstar áhyggjur af drykkjarvatni og rafsegulmengun.




# Niðurstöður könnunar

- Þau umhverfisatriði sem 80% þátttakenda eða fleiri finnst mikilvæg eða mjög mikilvæg í heiminum í dag eru:
  - Að búa í haginn fyrir velferð komandi kynslóða.
  - Að bæta lífskjör fólks í fátækum löndum.
  - Að sporna gegn hnattrænum umhverfisvandamálum.
  - Að auka nýtni í meðferð náttúruauðlinda.
- Rúm 70% segjast sjaldan eða aldrei nota almenningssamgöngur.
- Rúm 70% telja þó einnig mikilvægt að minnka áhrif á umhverfið vegna bílaumferðar.



# Niðurstöður könnunar

## 8. Hvaða sorp flokkar þú frá almennu heimilissorpi á þínu heimili



# Niðurstöður könnunar

7. Hversu mikið meira ertu reiðubúin(n) að greiða fyrir umhverfisvænar/sjálfbærar vörur eða þjónustu?  
Vinsamlegast merkið við þá fullyrðingu sem við á.

Mun greiða nánast hvaða verð sem er, að því gefnu að varan/þjónustan sé betri en aðrar tegundir þessarar vöru/þjónustu

Allt að 50% meira

Allt að 20% meira

Allt að 15% meira

Allt að 10% meira

Allt að 5% meira

Jafnmikið og fyrir vöru/þjónustu sem er ekki umhverfisvæn/sjálfbær

0% 5% 10% 15% 20% 25% 30% 35%

# Aðferðir til að efla umhverfisvitund

- Margir lagt mat á og gripið til aðgerða t.a. efla umhverfisvitund.
- Sameinuðu þjóðirnar telja að eftirfarandi atriði séu mikilvægust þegar kemur að eflingu umhverfisvitundar:
  - Hafa starfsmenn með í þróun umhverfisstefnu fyrirtækis.
  - Hafa stjórnendur með við innleiðingu breytinga.
  - Keppni og verðlaun geta hvatt fólk til þátttöku og vakið áhuga á umhverfismálum.
  - Reglulegar kynningar um stefnu fyrirtækisins og hvernig starfsmenn geta leikið lykilhlutverk.
  - Þróun aðferða fyrir starfsmenn til að auðvelda þeim að tjá sig og koma áhyggjum sínum af umhverfismálum áleiðis til stjórnenda getur eflt frumkvæði og þátttöku nýrra aðila.



# Aðferðir til að efla umhverfisvitund

- Ráðherranefnd Norðurlandaráðs skoðaði áhrif „hnipping“ (e. nudging) t.a. stuðla að umhverfisvænni hegðun samanborið við lög og reglugerðir.
- Hnipping snýst um að virkja ósjálfráða hegðun og stuðla að því að við veljum með öðrum hætti án þess að við vitum endilega af því sjálf.




# Aðferðir til að efla umhverfisvitund

- Hnipping leiddi oftast til sjálfbærari breytinga í hegðun en lög og reglur.
- Dæmi um árangursríka hnippingu :
  - Gera upplýsingar aðgengilegar á samfélagsmiðlum og vinnustöðum, t.d. um orkunotkun og umhverfisáhrif.
  - Breytingar í umhverfi, t.d. breytt sorpflokkunarkerfi eða diskastærð í mötuneytum.
  - Breytingar á sjálfvöldum möguleikum, s.s. kolefnisjöfnun, hitastig innandryra, sjálfvirk ljós.
  - Notkun félagslegra viðmiða og reglulegra endurgjafa, s.s. um orku- og auðlindanotkun, samanbórið við aðra hópa.



# Aðferðir til að efla umhverfisvitund



Breytingar á stuðningi starfsmanna við stefnur fyrirtækja og stofnana með tímanum.

- Fyrsta skrefið er fræðsla og aukin vitund
- Í framhaldi af því kemur aukinn skilningur á viðfangsefninu.
- Þegar einstaklingar hafa skilning á verkefninu eða vandamálinu eru þeir líklegri til að taka þátt, breyta hegðun sinni og styðja við stefnu stofnana og fyrirtækja.

# Vegagerðin - aðgerðir

- Umhverfisstefna Vegagerðarinnar var sett 1997 og þá hafin vinna að innleiðingu umhverfisstjórnunarkerfis skv. ISO 14001.
- Umhverfisskýrsla gefin út frá 1998.
- Umhverfis- og öryggisnefndir starfandi á öllum svæðum frá 1998.
- Umhverfis dagar haldnir árlega.
- Greining þýðingarmikilla umhverfisþátta og vöktun á þeim hófst 2007.
  - Röskun umhverfis, steinefni og námur, eldsneyti og olíur, bik (asfalt), eiturefni og hættuleg efni, spilliefni, fastur úrgangur, fráveitur og skólp og auðlindir jarðar.
- Þátttaka í *Grænum skrefum í ríkisrekstri* frá 2015 og mælanlegt markmið um innleiðingu.

# Reynsla af aðgerðum

- Fræðsla og samtöl við starfsmenn virka best skv. reynslu Landsvirkjunar.
  - Mikilvægt að mæla árangur.
  - Fólk tekur niðurstöður mælinga frekar til sín en markmiðin sjálf. Starfsmenn gert úrbætur upp á eigin spýtur út frá niðurstöðu mælinga.
  - Mælingar sýna stöðuna í dag og fræðsla hvetur til að gera betur.
  - Endurgjafir frá starfsmönnum koma á rafrænu formi en einnig þegar gengið er um starfsstöðvar og spjallað við fólk.
- Hjá Mannviti hefur undanfarið verið lögð áhersla á að fara í aðgerðir sem fræða og stuðla að því að frumkvæði sé tekið í umhverfismálum innan verkefna í stað þess að vakta eftir á það sem hefur verið gert.
  - Meiri þungi settur í fræðslu og vitundarvakningu meðal starfsmanna, þannig að þeir sýni frumkvæði í umhverfisvænni hönnun og ráðgjöf.



# Tillögur að aðgerðum

- Virkja starfsfólk m.þ.a. auðvelda því að koma skoðunum sínum á framfæri varðandi umhverfismál.
- Fræðsla með formlegum og óformlegum hætti:
  - Upplýsingar um hvað grænu skrefin fela í sér, t.d. hver mikilvægustu umhverfismál stofnunarinnar eru og af hverju.
  - Bjóða starfsfólki upp á fundi eða vinnustofur þar sem þessi atriði eru rædd.
  - Halda upp á alþjóðlega umhverfisdaga, t.d. World Water Day, Earth Day.
- Virkja starfsfólk m.þ.a. búa til hópa sem þurfa hver um sig að keyra áfram umhverfisátak.
- Reglulegar mælingar á mikilvægum umhverfispáttum stofnunarinnar og birta starfsfólki niðurstöður.
- Námskeið og kynningar fyrir starfsfólk um umhverfismál – fá utanaðkomandi aðila.
  - Leggja áherslu á jákvæðar og uppbyggilegar kynningar - við getum ekki öll gert allt en það geta allir gert eitthvað.
- Efna til keppni milli sviða.

# Aðferðir til að efla umhverfisvitund

- Fræðsla er grundvallarforsenda þess að breyta hegðun fólks.
- Erfitt getur reynst að fá aðila til að breyta hegðun sinni ef það sér hvorki tilgang með því né ávinning af því.
- Eftir því sem einstaklingar verða meðvitaðri um umhverfismál þeim mun líklegra er að þeir séu tilbúnir að breyta einhverju í daglegum athöfnum sínum að eigin frumkvæði.



Takk fyrir  
[www.mannvit.is](http://www.mannvit.is)

